

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 29.11.2018.

Fundarstaður: Netfundur

Fundur settur kl. 21:00. Mættir eru : GS, DHS, MG, BHB, HÞB

- Umræða um komu skemmtiferðaskipa næsta sumar. Fulltrúar stjórnar ásamt Herði Gunnarssyni (Vesturbúðum) munu funda með fulltrúum Gára/Nonna travel í desember til að útfæra tillög varðandi gjaldtöku.
- Umræða um minjakort sem Fornleifastofnun Íslands er að gera.
- Umræða um fréttir á heimasíðu FFF. Stjórn FFF hvetur félagsmenn og aðra til að koma á framfæri fréttum af málefnum tengdum eyjunni og því verður komið á framfæri.
- Vetrarhátíð rædd. Vinaminni hefur umsjón með næstu hátíð og mun DHS vera þeim innan handar.
- Málefni brunaskúrs rædd. Stjórn FFF fagnar að Sveitarstjórn Reykhólahrepps sé búin að samþykkja að setja skúrinn í grendarkynningu.
- Verndarsvæði í byggð, kynningarfundur var haldinn 9. nóvember síðastliðinn í húsakynnum ALTA að Ármúla 32 í Reykjavík. Fundurinn var fjölmennur og góður. Tillaga um verndarsvæðið hefur farið fyrir sveitarstjórn og var samþykkt 13. nóvember síðastliðinn að fara í kynningu og er hægt að skila inn athugasemdum til 9. janúar 2019. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er bent á að koma athugasemdum að áður en frestur rennur út.
- Umræður um vetrarferðir Baldurs. Stjórn FFF fagnar auknum ferðum í vetur.
- Samþykkt að greiða út styrk til Ævars Petersen fyrir áramót. Styrkurinn var samþykktur á aðalfundi FFF í byrjun árs.

Fundi slitið kl. 22:30